

Hörgársveit

Tillaga að fjárhagsáætlun fyrir árið 2022

Stutt greining:

Heildarvelta er áætluð 892 millj. kr. á árinu 2022, árið 2021 er hún áætluð 841 millj. kr. en var 2020, 747 millj. kr.

Rekstrarniðurstaða er áætluð 34.998 þús.kr. Áætlaður rekstrarhagnaður er talsvert lægri en á þessu ári. Þriggja ára jöfnuður, sbr. ákvæði sveitarstjórnarlaga, yrði sem hér segir:

		<i>þús. kr.</i>
2020	Ársreikningur	21.368
2021	Áætlun	79.207
2022	Áætlun	34.998
		135.573

Staðan í stuttu máli

Veltufé frá rekstri er nú áætlað um 70 millj. kr og en það var 51 millj. á árinu 2020. Veltuféð er áætlað hærra en sem nemur samanlögðum afborgunum skulda og afskriftum og er það jákvætt.

Skuldir og skuldbindingar voru í árslok 2020 um 28,3% af tekjum og um 323 þús. kr. á íbúa. Lántaka á árunum 2021 og 2022 gerir það að verkum að hlutfall þetta mun hækka en vera í árslok 2022 samt sem áður með því lægsta sem gerist hjá sveitarfélögum eða innan við 40% af tekjum ársins.

Áætlað er að taka ný uppá fyrir 160 millj. kr. á árinu 2022 og að afborganir verði um 20,4 millj. Þannig að skuldir aukast talsvert. Skuldir þessar eru vegna uppbyggingar í leikskóla og grunnskóla sem er nauðsynleg í framhaldi af uppbygginug í nýju hverfi við Lónsbakka og íbúafjölgun þar sem gefa mun sveitarfélaginu framtíðar tekjur í útsvari og fasteignagjöldum.

Handbært fé sveitarfélagsins var 45,5 millj.kr í árslok 2020. Í árslok 2021 er áætlað að það verði um 68,4 millj. kr. Gert er ráð fyrir að vegna framkvæmda á árinu 2022 lækki það í um 18,2 millj. í árslok 2022.

Tekjur

Helsti tekjustofn sveitarfélagsins er staðgreiðsla útsvars. Á árinu 2021 verða útsvarstekjur töluverkt hærra en upphafleg áætlun gerði ráð fyrir og umfram hlutfallslega hækkun verðlags og íbúafjölgun. Áætlunin 2022 tekur mið af staðgreiðsluáætlun sem gefin er út af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Fasteignamat í Hörgársveit mun hækka um 5% 2022 og er hækkunin á matinu notuð sem grunnur að matstengdum fasteignagjöldum. Fasteignaskattsprósenta er óbreytt á milli ára.

Framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á árinu 2022 eru áætluð í takti við áætlanir Jöfnunarsjóðsins.

Ekki er gert ráð fyrir miklum breytingum á gjaldskránn en þær gjaldskrárhækkunir sem hafa verið samþykktar eru um 4%.

Um gjöld

Í áætluninni er gert ráð fyrir að laun og launatengd gjöld verði um 20% hærrí en áætlað er 2021. Þar eru bæði um að ræða fjölgun starfa og launahækkanir. Laun og launatengd gjöld voru 52,2% af tekjum árið 2020. Áætlað er að þau geti orðið um 55% af rekstrartekjum á árinu 2022.

Í annan rekstrarkostnað fór um 43% á árinu 2020 en gert er ráð fyrir að það hlutfall verði um 37% 2022. Heildar hlutfall launa og annarra rekstrargjalda er því yfir 90% eins og undanfarin ár. Hlutfall launa hefur hækkað en tekist hefur að halda öðrum rekstrarkostnaði niðri í hlutfalli af tekjum.

Eins og áður er gert er ráð fyrir nokkrum hefðbundnum útgjöldum í almennt viðhald á fasteignum, götum og eignum veitna auk endurnýjunar tækja og búnaðar. Alls er gert ráð fyrir um 61 milljón til þessara viðhaldsverkefna. Þar bera hæst 18 milljónir í þriðja áfanga lóðaf framkvæmda við Álfastein og 6 millj. króna framlagi í skiptingu milli sala í íþróttamiðstöð. Þelamerkurskóli fær 16 millj. króna í viðhald og tækjakaup og áætlað er að 10 milljónir fari í viðhald gatna og stíga.

Að öðru leyti er gert ráð fyrir svipuðu rekstrarumfangi á árinu 2022 og því sem það er á síðari hluta ársins 2021 fyrir utan aukingu á Álfasteini sem kemur til strax í upphafi árs með fjölgun barna.

Framkvæmdir

Gert er ráð fyrir fjárfrekasta fjárfestingarári sveitarfélagsins til þessa og til þeirra verði varið 256 milljónum króna. Áætlað er að verja 110 milljónum til viðbyggingar og endurbóta á Þelamerkurskóla, með tengingu við heimavistarálmu. Farið verði af stað með viðbyggingu við Álfastein og þeirrar framkvæmdar varið 100 milljónum á árinu. Þá er áætlað að 20 milljónir fari í malbikun á Lækjarvöllum, 20 milljónum verði varið í kaup á landi og 6 milljónum í bifreiðakaup fyrir þjónustumiðstöð.

Fjármögnun

Gert er ráð fyrir að mæta afborgunum lána og þessari fjárfestingu með eftirfarandi hætti:

Veltufé frá rekstri:	70 millj.
Ný lán:	160 millj.
Afborganir lána:	-20 millj.
Lækkun á handbæru fé:	46 millj.
Samtals:	256 millj.

17. desember 2021
Snorri Finnlaugsson
sveitarstjóri